

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 92/2016

2017/EES/73/27

frá 29. apríl 2016

um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við  
EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, (hér eftir „EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2120 frá 25. nóvember 2015 um ráðstafanir varðandi opinn netaðgang og um breytingu á tilskipun 2002/22/EB um alþjónustu og réttindi notenda að því er varðar rafræn fjarskiptanet og -þjónustu og reglugerð (ESB) nr. 531/2012 um reiki á almennum farsímanetum innan Sambandsins <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2352 frá 16. desember 2015 um vegið meðaltal hæsta verðs fyrir lúkningu símtala í farsíma í Sambandinu <sup>(2)</sup>.
- 3) XI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XI. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi bætist við í lið 5cu (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 531/2012):

„, eins og henni var breytt með:

- **32015 R 2120:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2120 frá 25. nóvember 2015 (Stjútíð. ESB L 310, 26.11.2015, bls. 1).“

2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 5cua (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1203/2012):

„5cub. **32015 R 2352:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2352 frá 16. desember 2015 um vegið meðaltal hæsta verðs fyrir lúkningu símtala í farsíma í Sambandinu (Stjútíð. ESB L 331, 17.12.2015, bls. 7).“

3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 5oab (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 874/2004):

„5ob. **32015 R 2120:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2120 frá 25. nóvember 2015 um ráðstafanir varðandi opinn netaðgang og um breytingu á tilskipun 2002/22/EB um alþjónustu og réttindi notenda að því er varðar rafræn fjarskiptanet og -þjónustu og reglugerð (ESB) nr. 531/2012 um reiki á almennum farsímanetum innan Sambandsins (Stjútíð. ESB L 310, 26.11.2015, bls. 1).“*2. gr.*Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2015/2120 og framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2015/2352, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

<sup>(1)</sup> Stjútíð. ESB L 310, 26.11.2015, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjútíð. ESB L 331, 17.12.2015, bls. 7.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. apríl 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Claude Maerten***

formaður.

---

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.